



# Framkvæmdasýsla ríkisins

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

|       |  |    |
|-------|--|----|
| 1     | Inngangur .....                            | 3  |
| 2     | Niðurstöður og ábendingar .....            | 4  |
| 3     | Fjárheimildir og rekstur .....             | 5  |
| 3.1   | Fjárheimildir .....                        | 5  |
| 3.2   | Rekstraráætlun.....                        | 5  |
| 3.3   | Niðurstöður/ábendingar .....               | 5  |
| 4     | Innra eftirlit.....                        | 6  |
| 4.1   | Inngangur .....                            | 6  |
| 4.2   | Umfjöllun .....                            | 6  |
| 4.3   | Niðurstöður/ábendingar .....               | 6  |
| 5     | Fylgni við lög og reglur.....              | 7  |
| 5.1   | Inngangur .....                            | 7  |
| 5.1.1 | Ferðakostnaður.....                        | 7  |
| 5.1.2 | Opinber innkaup og innkaupakort.....       | 7  |
| 5.2   | Niðurstöður .....                          | 7  |
| 6     | Endurskoðun rekstrarliða .....             | 8  |
| 6.1   | Tekjur .....                               | 8  |
| 6.2   | Launagjöld.....                            | 8  |
| 6.3   | Annar rekstrarkostnaður og eignakaup ..... | 8  |
| 6.4   | Niðurstöður/ábendingar .....               | 8  |
| 7     | Endurskoðun efnahagsliða .....             | 9  |
| 7.1   | Eignir .....                               | 9  |
| 7.1.1 | Handbært fé.....                           | 9  |
| 7.1.2 | Viðskiptakröfur .....                      | 9  |
| 7.2   | Eigið fé og skuldir .....                  | 9  |
| 7.2.1 | Höfuðstóll .....                           | 9  |
| 7.2.2 | Ríkissjóður.....                           | 10 |
| 7.2.3 | Skammtímaskuldir .....                     | 10 |
| 7.2.4 | Gamlir byggingareikningar.....             | 10 |
| 7.3   | Niðurstöður/ábendingar .....               | 10 |
| 8     | Önnur atriði .....                         | 11 |
| 8.1   | Staðfestingarbréf stjórnenda .....         | 11 |
| 8.2   | Óhæðisyfirlýsing.....                      | 11 |

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn, sem gerður er af Fjárslu ríkisins, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum frá stjórnendum. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ársreikningsins ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasýslu ríkisins var vegna ársins 2013.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda en hún leiddi þó í ljós eftirfarandi ábendingar.

Endurskoðunin leiddi í ljós að ekki var samræmi á milli byggingareikninga og fjárhagsbókhalds í árslok 2016. Sams konar ábending kom fram á árinu 2013. Eftir að þetta lá fyrir á síðari hluta ársins 2017 lagði Framkvæmdasýslan í mikla vinnu og nýtti sér aðstoð sérfræðinga frá Advania en Ríkisendurskoðun fylgdist með framvindu málsins. Niðurstaða liggur nú fyrir og mun Framkvæmdasýslan gera viðeigandi leiðréttingar í bókhaldi ársins 2017.

Athygli vakti að nokkuð var um að kröfur á verkkaupa væru óinnheimtar árum saman. Framkvæmdasýslan hefur m.a. gefið þær skýringar hún hafi engin ráð til að innheimta það sem út af stendur þegar að verkkaupar hafi ekki staðið í skilum. Ríkisendurskoðun bendir á að áhrif þess að verkkaupar, sem oftast eru ráðuneyti og stofnanir, standi ekki í skilum er að veikja stöðu Framkvæmdasýslunnar þar sem hún hefur þurft að leggja út fyrir byggingarkostnaði og ganga á eigið fé eða framkvæmdafé annarra verkefna.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Fjárlög fyrir árið 2016 gerðu ráð fyrir að stofnunin aflaði 294,2 m.kr. sértekna og stæðu þær undir rekstri stofnunarinnar þannig að framlög úr ríkissjóði yrðu engin. Tekjur umfram gjöld námu 21,0 m.kr á árinu 2016 í samanburði við 2,0 m.kr. tekjuafgang á árinu á undan.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

| Í þús. kr.          | Fjárlög  | Fjárheimild | Rekstur  | Frávik  | Rekstur  |
|---------------------|----------|-------------|----------|---------|----------|
|                     | 2016     | 2016        | 2016     | 2016    | 2015     |
| Sértekjur           | -294.200 | -294.200    | -331.499 | 37.299  | -302.520 |
| Launagjöld          | 241.200  | 241.200     | 235.624  | 5.576   | 228.615  |
| Önnur rekstrargjöld | 45.000   | 45.000      | 65.024   | -20.024 | 65.676   |
| Eignakaup           | 8.000    | 8.000       | 9.843    | -1.843  | 6.222    |
| Samtals             | 0        | 0           | -21.008  | -21.008 | -2.007   |

### 3.2 Rekstraráætlun

Unnin var rekstraráætlun sem samþykkt var af ráðuneytinu og var hún færð í fjárlagakerfið.

Tekjuafgangur nam 21,0 m.kr. en samkvæmt rekstraráætlun hafði verið gert ráð fyrir 3,3 m.kr. tekjuafgangi.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun fjárheimilda embættisins.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Framkvæmdasýslu ríkisins ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Stofnunin annast sjálf færslu bókhalds og greiðslu reikninga en útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins. Hjá Framkvæmdasýslu ríkisins er innra eftirlit almennt virkt en lýsingar á innra eftirliti eru þó ekki skjalfestar. Til staðar er aðgreining starfa við bókun og greiðslu reikninga. Ákveðnir eftirlitsþættir voru prófaðir við endurskoðun ársins. Var þar m.a. um að ræða athugun á samþykkt reikninga vegna rekstrarkostnaðar og byggingarkostnaðar og gengið var úr skugga um að byggingarkostnaður sem tilheyrði ákveðnum verkefnum færðist ekki á rekstrarkostnað stofnunarinnar. Þá var risna og ferðakostnaður skoðað sérstaklega og gengið var úr skugga um hvort samræmi væri á milli fjárhagsbókhalds og byggingareikninga í bókhaldinu.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Reglur um innra eftirlit hafa ekki verið skjalfestar að fullu. Ekki var samræmi milli fjárhagsbókhalds og byggingareikninga en um það er fjallað síðar í skýrslunni.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

Skoðað er hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016.

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Verklag vegna ferða- og dvalarkostnaðar er í samræmi við reglur nr. 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

#### 5.1.2 Opinber innkaup og innkaupakort

Verklagsreglum um innkaup fyrir stofnunina er fylgt og reglum ríkisins um notkun rammasamninga Ríkiskaupa er fylgt þar sem við verður komið.

### 5.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Framkvæmdasýsla ríkisins fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Tekjur

Tekjur stofnunarinnar voru yfirfarnar og greindar með tilliti til breytinga milli ára og leitað skýringa þar sem þessi þótti þörf. Á árinu 2016 námu tekjur stofnunarinnar 331,5 m.kr. og hækkuðu um 29,0 m.kr. milli ára. Meirihluti tekna eða 326,9 m.kr. voru vegna útseldrar sérfræðipjónustu en aðrar tekjur námu samtals 4,6 m.kr. Tekjurnar eru skráðar í AR tekjuskráningarkerfi ríkisins og heldur kerfið utan um númeraröð reikninga.

### 6.2 Launagjöld

Launagjöld og starfsmannakostnaður nam 235,6 m.kr. á árinu og hækkaði um 7,0 m.kr. milli ára eða 3,1%. Launakostnaður var borinn saman á milli ára og frávik greind. Ákveðið úrtak úr launum var skoðað sérstaklega. Ársverk árið 2016 voru 21,3 sem er fækkun um 0,5 ársverk milli ára. Launagjöld reiknuð á ársverk námu 11,0 m.kr. árið 2016 og hækkuðu um 5,5% frá fyrra ári. Hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum var 75,9% árið 2016.

### 6.3 Annar rekstrarkostnaður og eignakaup

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik yfirfarin. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð og leitað skýringa. Önnur rekstrargjöld og eignakaup árið 2016 námu 74,9 m.kr. og lækkuðu um 4,1% frá fyrra ári.

Tekið var úrtak fylgiskjala á nokkrum tegundum. Fylgiskjölin voru meðal annars skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgangsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglu um meðferð reikninga. Ábendingum var komið á framfæri og leitað skýringa þar sem þessi þótti þörf og fengust fullnægjandi skýringar.

### 6.4 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun rekstrarliða.



## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til starfsemi stofnunarinnar, breytinga á milli ára og stöðu einstakra liða veltufjármuna og skammtímaskulda. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa.

Í árslok 2016 námu eignir 611,4 m.kr., skuldir námu 587,7 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 23,7 m.kr.

| Í þús.kr.                | 2016    | 2015      | Breyting   |
|--------------------------|---------|-----------|------------|
| Eignir:                  |         |           |            |
| Handbært fé              | 307.981 | 1.193.714 | -885.733   |
| Viðskiptakröfur          | 303.418 | 548.152   | -244.734   |
| Eignir alls              | 611.399 | 1.741.866 | -1.130.467 |
| Eigið fé og skuldir:     |         |           |            |
| Höfuðstóll               | 23.691  | 2.683     | 21.008     |
| Ríkissjóður              | 21.479  | 46.738    | -25.259    |
| Skammtímaskuldir         | 566.229 | 1.692.445 | -1.126.216 |
| Eigið fé og skuldir alls | 611.399 | 1.741.866 | -1.130.467 |

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Handbært fé

Handbært fé nam 308,0 m.kr. í lok árs 2016 en í lok árs 2015 var staðan 1.193,7 m.kr. Bankareikningar eru afstemmdir reglulega við bankayfirlit. Farið var yfir bankaafstemmingar í árslok 2016.

#### 7.1.2 Viðskiptakröfur

Útistandandi kröfur um áramót námu samtals 303,4 m.kr. og er þar um að ræða 292,5 m.kr. kröfur vegna byggingareikninga og 10,9 m.kr. vegna endurgreidds virðisaukaskatts. Ekki er samræmi milli stöðu samkvæmt fjárhagsbókhaldi og sundurliðunum viðskiptamanna í verkþókhaldi og er fjallað um það nánar í kafla 7.2.3.

### 7.2 Eigið fé og skuldir

#### 7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Framkvæmdasýslu ríkisins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang/-halla hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýnir höfuðstóll Framkvæmdasýslunnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 23,7 m.kr. og hafði staðan batnað um 21,0 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

## 7.2.2 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilunum. Í árslok 2016 nam skuld stofnunarinnar við ríkissjóð 21,5 m.kr. og lækkaði hún um 25,3 m.kr. á árinu.

## 7.2.3 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu í árslok samtals 566,2 m.kr. og lækkuðu um 1.126,2 m.kr. frá fyrra ári. Skammtímaskuldir skiptast samkvæmt ársreikningi í kuldir vegna byggingareikninga að fjárhæð 327,2 m.kr. og aðrar viðskiptaskuldir 239,0 m.kr. en þar er bæði um að ræða ógreidda reikninga vegna reksturs og umsjónarverkefna og stofnunarinnar.

Við síðustu endurskoðun Ríkisendurskoðunar sem var vegna ársins 2013 kom í ljós að mismunur var á stöðu byggingareikninga í verkþókhaldi og fjárhagsþókhaldi. Endurskoðun ársins 2016 hefur leitt í ljós að í árslok 2016 er enn um að ræða mismun á stöðu byggingareikninga og fjárhagsþókhalds. Eftir að þetta lá fyrir á síðari helmingi ársins 2017 lagði Framkvæmdasýslan í mikla vinnu við að greina í hverju mismunurinn á fjárhagsþókhaldi og verkþókhaldi lægi. Naut hún við þá vinnu aðstoðar hjá Advania. Greiningin leiddi í ljós í hverju mismunurinn lá og mun Framkvæmdasýslan gera viðeigandi leiðréttingar á þókhaldi ársins 2017.

## 7.2.4 Gamlir byggingareikningar

Byggingareikningar eru viðskiptareikningar yfir inn- og útborganir í viðskiptaþókhaldi vegna einstakra verka á vegum Framkvæmdasýslunnar

Við endurskoðun á byggingareikningum kom í ljós að dæmi voru um að verkefni sem væri lokið stæðu óbreytt árum saman með kröfu á verkkaupa. Framkvæmdasýslan hefur m.a. gefið þær skýringar að verkkaupar hafi ekki staðið í skilum og hafi Framkvæmdasýslan engin ráð til að innheimta það sem út af stendur. Ríkisendurskoðun bendir á að áhrif þess að verkkaupar, sem oftast eru ráðuneyti og stofnanir, standi ekki í skilum er að veikja stöðu Framkvæmdasýslunnar þar sem hún hefur þurft að leggja út fyrir byggingarkostnaði og ganga á eigið fé eða framkvæmdafé annarra verkefna. Ríkisendurskoðun telur að skapa þurfi farveg fyrir Framkvæmdasýsluna þegar upp kemur sú staða að verkkaupar standi ekki í skilum.

## 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda að öðru leyti en því sem fram kemur hér að framan.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf stjórnenda Framkvæmdasýslunnar vegna ársreiknings 2016. Ekki komu fram neinar upplýsingar í staðfestingarbréfinu sem breyta ársreikningi stofnunarinnar.

### 8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðuninni.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)